

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Rangárþingi.

*Hvolstún og Nýbýlavegur á Hvolsvelli, Rangárþingi eystra, óveruleg breyting á deiliskipulagi íbúðabyggðar.*

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 9. júní 2011, óverulega breytingu á deiliskipulagi íbúðarhúsa í Hvolstúni og Nýbýlavegi á Hvolsvelli.

Breytingin nær til lóðarinnar Nýbýlavegur 44, þar sem gert er ráð fyrir byggingu 9 íbúða í fjölbýlishúsi (F2) í stað 6-8. Þá er lóðin stækkuð um 90 m<sup>2</sup> og bílastæðum fjölgað um 4.

Málsmeðferð var samkvæmt ákvæðum 43. gr. og 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

*Veiðivötn Rangárþingi ytra, óveruleg breyting á deiliskipulagi.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 29. nóvember 2011, óverulega breytingu á gildandi deiliskipulagi við Tjaldvatn í Veiðivötnum.

Breytingin felur í sér að gerð er grein fyrir lagningu raf- og ljósleiðarastrengs, bæði á uppdrætti og í greinargerð.

Málsmeðferð var samkvæmt ákvæðum 43. gr. og 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

*Hvolsvelli, 20. mars 2012.*

F.h. Rangárþings eystra og Rangárþings ytra,

**Rúnar Guðmundsson,**  
skipulagsfulltrúi Rangárþings bs.

---

B-deild – Útgáfud.: 3. apríl 2012